

203 Staðfesting forsetans á skipulagsskrá fyrir „Minningarsjóð Indriða og Guðrúnar
14. okt. frá Skarði“, útgefin á venjulegan hátt að mandatum af dómsmálaráðherra 14.
október 1952.

Skipulagsskráin er þannig:

SKIPULAGSSKRÁ

fyrir Minningarsjóð Indriða og Guðrúnar frá Skarði.

1. gr.

Sjóðurinn heitir: Minningarsjóður Indriða og Guðrúnar frá Skarði, og er stofnaður til minningar um Indriða Indriðason hreppstjóra frá Skarði í Skarðshreppi í Dalasýslu og konu hans, Guðrúnu Eggertsdóttur, af vinum þeirra í Skarðshreppi og 2 sonum þeirra.

Stofnfé sjóðsins er 1500 — fimmtán hundruð — krónur.

2. gr.

Stjórn sjóðsins skulu ávallt skipa hreppsnefnd og sóknarprestur Skarðshrepps.

3. gr.

Sjóðurinn skal ávaxtaður í aðaldeild Söfnunarsjóðs Íslands og skulu vextir allir lagðir við höfuðstól, þar til sjóðurinn nemur einni milljón. Frá þeim tíma skal til útborgunar falla $\frac{1}{2}$ vextir samkvæmt því, sem hér segir í 4. gr., en helmingur vaxta skal ávallt leggjast við höfuðstól.

4. gr.

Á því ári, er sjóðurinn nemur 1 000 000 — einni milljón — króna skulu hálfir vextir koma til útborgunar og árlega úr því. Fé þessu skal varið til umbótastarfs og menningarauka, sem til landbúnaðar telst.

Fjárveiting er fast bundin við takmörk Skarðshrepps, þau, sem nú eru.

5. gr.

Heimilt er að veita móttöku minningargjöfum í sjóðinn og fer um slíkar gjafir að öllu, sem segir í 3. og 4. gr.

6. gr.

Stjórn sjóðsins skal halda gerðabók, sem hún lætur löggilda, og í hana skal færa þessa skipulagsskrá og ársreikninga sjóðsins.

Skulu þeir endurskoðaðir árlega af endurskoðendum hreppsreikninga.

7. gr.

Þegar til úthlutunar kemur, samkv. 4. gr., skal ávallt geta þeirra með nafni, er styrks verða aðnjótandi, og til hvers er veitt og hvað mikið.

8. gr.

Leita skal staðfestingar forseta Íslands á skipulagsskrá þessari.

Hvalgröfum, 12. júlí 1952.

Brynjólfur Haraldsson,
fyrir hönd gefenda.

Sigvaldi Indriðason.

Kristinn Indriðason.